



## KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ  
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 27. apríl 2017.

### Greiðslufyrirkomulag ferðapáttökugjalds

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ 26. apríl sl. var samþykkt að halda fyrirkomulagi á greiðslu ferðapáttökugjalds óbreyttu, skv. reglugerð KSÍ um ferðapáttökugjald. Nettókostnaður vegna ferðapáttökugjalds umfram kr. 75.000 á lið er greiddur af KSÍ.

Meðfylgjandi eru útreikningar á ferðapáttökugjaldi félaga fyrir árið 2017.

### Reglugerð KSÍ um ferðapáttökugjald

#### 1. grein.

Félög sem taka þátt í Íslandsmóti meistaraflokks skulu greiða ferðapáttökugjald skv. reglugerð þessari. Reglugerðin er sett á grundvelli samþykktar ársþings KSÍ 2015 og er tilgangur hennar að auka jöfnuð félaga gagnvart ferðakostnaði.

#### 2. grein.

Ferðapáttökugjald skal reiknað af mótanefnd KSÍ árlega við upphaf keppnistímabils skv. vegalengd milli leikstaða fyrir hverja deild fyrir sig og hvern riðil fyrir sig. Við útreikninga skal miða við sérstakt kílómetragjald fyrir keppnislið í heild sinni, 200 kr. pr. kílómetra, og má því aðeins breyta þeirri upphæð með samþykkt ársþings. Vegalengdir milli keppnisstaða eru reiknaðar miðað við akstur milli leikstaða samkvæmt uppgefnum fjarlægðum á vef Vegagerðar ríkisins. Ferðapáttökugjaldið skal reiknað út fyrir hverja deild og er hver deild sjálfstæð við útreikning kostnaðar.

#### 3. grein.

Ferðapáttökugjaldið skal greitt eigi síðar en 15. maí ár hvert og skal upphæðin vera nettó kostnaður á hvert félag fyrir sig. Félög sem eignast inneign komast hjá greiðslu gjaldsins, en þau skulu fá inneign greidda skv. útreikningum mótanefndar. Greiðsla til þeirra félaga skal innt af henti í tvennu lagi, eftir fyrri og seinni hluta móts.

Greiði félag ekki innan tilsettra tímamarka skal það greiða sekt til KSÍ kr. 5.000 pr. dag frá 17. maí að telja.

*Bráðabirgðaákvæði: Nettókostnaður vegna ferðapáttökugjaldsins umfram kr. 75.000 á lið verður greiddur af KSÍ.*

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Haukur Hinriksson,  
lögfræðingur hjá KSÍ.